



## Minnisblað

Dagsetning: 8. Nóvember 2019

Höfundur: Hjörný Snorradóttir verkefnastjóri á skrifstofu LH,

Viðtakandi: Stjórn LH

Efni: Sportfengur, staða og möguleikar.

---

### Staða SportFengs:

Tölvunefnd LH hefur haldið utan um þau tölvukerfi sem notuð hafa verið við mótahald í hestamennsku allt frá Kappa til Sportfengs. Sportfengur er forrit sem var unnið upp úr Kappa/mótafeng sem nýttur var við mótahald. Upp úr Kappa/mótafeng varð Kappi/Sportfengur til. Í september 2017 tók svo Sportfengur við í núverandi mynd. Með hinum nýja SportFeng hafa verið stigin stór skref til framfara. Mikilvægast er líklega það að nú eru allar tölur dómara slegnar beint inn í kerfið og ekki þarf að slá inn neinar tölur í dómpalli. Mikilsvert er einnig að nú erum við laus við gagnaflutninginn á milli SportFengs og Kappa sem áður var mjög oft til vandræða.

### Skráningarkerfi LH

Tölvunefnd LH stóð einnig fyrir því að forritað yrði sérstakt skráningarkerfi sem væri tengt bæði við felix.is tölvukerfi ÍSÍ þar sem allir félagsmenn/iðkendur hestamannafélaga eru skráðir og við SportFeng til þess að keppendur geti skráð sig á mótin í gegnum tölvu. Þetta var einnig mikil hagræðing fyrir bæði mótshaldara og keppendur. Þetta kerfi var forritað af Kristínu Jónasdóttur sem er í tölvunefnd LH er sérstakt kerfi og tengist einnig greiðslukerfum t.d. Borgun þannig að hestamannafélögin geta valið hvort þau þjóði að greiða námskeiðsgjöld eða skráningargjöld með korti eða leggja inn. Nú vinnur tölvudeild BÍ að því að forrita skráningarkerfið inn í SportFeng því það einfaldi mikið að hafa allt saman í einu kerfi, sérstaklega þegar aðrar þjóðir fara nýta Sportfeng og tengja sín félagakerfi við hann. Skráningakerfið er ekki tilbúið en er í góðum farvegi.

### Notendur Sportfengs

Almenn ánægja ríkir meðal notenda Sportfengs hér á landi, eitthvað var um hnökra þegar kerfið var fyrst notað í upphafi keppnistímabilsins 2018 en það gekk mjög vel að laga þá og auðveldaði kerfið mótahaldið til muna. Haldin voru nokkur námskeið sem voru vel sótt og gerð var handbók sem nýverið var endurbætt töluvert, sjá á þessum link: [https://www.lhhestar.is/static/files/sportfengur\\_handbok\\_2019.pdf](https://www.lhhestar.is/static/files/sportfengur_handbok_2019.pdf)

Vaxandi áhugi er á SportFeng erlendis, sérstaklega frá Norðurlöndunum og hafa Svíjar notað Sportfeng til prufu endugjaldslaust á síðasta mótatímabili við góða raun. Sportfengur var m.a. notaður á sænska meistaramótinu. Normenn og Finnar hafa einnig sýnt Sportfeng mikinn áhuga. Verið er að vinna að því að þýða Sportfeng yfir á ensku en það hefur tekið lengri tíma en til stóð. Ekki er búið að lenda samningum um sölu á forritinu til annarra landa en talað hefur verið um að



notendur greiði þátttökugjöld svipað og gert er hér heima (sjá neðar, samstarf BÍ og LH) en innkoma í viðkomandi landi skiptist þannig að 60% fari til BÍ í rekstur kerfisins 20% fari til LH og 20% til sambandsins í landinu.

## Samstarf LH og BÍ

LH samdi við BÍ um að forrita Sportfeng, hestamannafélögin borga fyrir afnot af Sportfeng og skiptast tekjur jafnt milli LH og BÍ. Verðskrá fyrir Sportfeng var kynnt hestamannafélögunum árið 2013 og er sú verðskrá enn í gildi.

*„Sportfengur er móta- og skráningarkerfi hestamanna og hefur verið unnið að mótun og þróun þess undanfarin ár. Bændasamtök Íslands og tölvunefnd LH hafa staðið að því verkefni í sameiningu og hafa sömu aðilar lagt út í þó nokkurn kostnað vegna þessa.*

*Samkvæmt stjórnarsamþykkt frá því í maí 2013 hefur stjórn LH samþykkt að hlutur félaga LH í þróunar- og rekstrar-sjóð Sportfengs og Kappa verði tvíþætt og á þessu byggir meðfylgjandi reikningur:*

- 1. Félag greiðir 4% af samtölu skráningargjalda hvers móts til LH/BÍ*
- 2. Félag greiðir 200 kr af hverri skráningu til LH/BÍ*

*Ákveðið var af stjórn LH að kostnaður við námskeið félaganna kæmi ekki til gjalda árið 2013 en gjaldtaka vegna námskeiða í skráningarkerfi Sportfengs hefst 2014. Þóknun vegna námskeiða mun verða 4% af samtölu skráningargjalda hvers námskeiðs.*

*Aðildarfélag LH sem nota kerfið, þurfa að taka til greina þennan kostnað sem og þann sem verður vegna samnings félagsins við þann aðila sem sér um kreditkortamillifærslur, sem skilgreint er í samningi milli aðildarfélags og kreditkortafyrirtækis, við ákvörðun sína um skráningargjöld á mót og námskeið í framtíðinni.*

### Dæmi:

*Af hverju 3.500 kr. skráningargjaldi fara 140 kr. til reksturs og þróunar á Sportfeng ásamt 200 kr. gjaldi sem hefur alltaf verið innheimt.“*

Samningur milli BÍ og LH er í gildi um að tölvudeild BÍ sinni hýsingu og forritun á Sportfeng en LH leggi til gögnin. LH greiðir BÍ um 62.000 kr. á mánuði fyrir þessa vinnu.

Framkvæmdarstjóri BÍ Sigurður Eypórsson kallaði formann LH Lárus Ástmar Hannesson á fund 15. nóvember síðastliðinn til þess að ræða þær breytingar sem eru í vændum um áramót 2019-20 hjá BÍ. Með á fundinum voru Þórður Ingólfsson formaður tölvunefndar LH og Hjörný Snorradóttir verkefnastjóri LH. Þar voru kynntar töluverðar breytingar á rekstri BÍ, en ætlunin er að minnka umfang og færa rekstrareiningar eins og tölvudeild BÍ undir Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins (RML) sem er einkahlutafélag í eigu Bændasamtaka Íslands (BÍ). Þessi breyting kallar á að LH þarf að skoða vel stöðu og framtíð Sportfengs. Á fundinum var rætt um að í ljósi þess að annar af tveimur forriturum sem hafa forritað Sportfeng hefur sagt upp störfum og ekki verður ráðið í hans stöðu á meðan beðið er eftir að skiptin eigi sér stað og að aðeins einn forritari sé eftir með þekkingu á Sportfeng þá væri mögulegt að RML geri saming við Sefnu ehf. á Akureyri um að taka Sportfeng að sér fyrir RML en tölvudeildin hefur reynslu af því að úthýsa verkefnum með þessum hætti. Framkvæmdastjóri BÍ hefur boðað fund 29. nóvember með LH, RML, FEIF, FHB og MAST til þess að fara betur yfir þessar breytingar.



### Áskoranir vegna skipulagsbreytinga hjá BÍ vegna flutninga á tölvudeild BÍ til RML

- Hvað hefur það í för með sér fyrir LH að Tölvudeild BÍ færist yfir til RML?
- Hefur það áhrif á kostnað?
- Eykst hann?
- Breytist þjónustan?
- Minnkar hún?
- Hvað þýðir það að Stefna ehf. taki Sportfeng til sín sem verkefni?

Er ástæða til að skoða það að taka Sportfeng til LH og ráða forritara sem verktaka sem sjái um bæði Sportfeng og Kappa appið? Þá þarf að greina hversu mikil vinna það er fyrir einn starfsmann/forritara og hver kostnaðurinn geti verið. Það er vitað að ef sá forritari tekur fullan taxta forritara (18.000-20.000 kr. á tímann ?) sé það ekki ákjósanlegt miðað við tekjur af verkefninu. En það er spurning hvort hægt er að semja við aðila sem hefur ástríðu fyrir Sportfeng og langar að gera þetta fyrir viðráðanlega upphæð.

Tekjur Sportfengs 2019 eru um 4.300.000 kr. sem skiptist milli BÍ og LH. Það má gera ráð fyrir að hægt sé að auka tekjumöguleika þar sem mikill áhugi er á Sportfeng erlendis og líklegt að þrjú lönd stökkvi á vagninn á næsta keppnistímabili. Hvað það gerir í tekjum er óljóst en er örugglega svipað og það sem kemur inn hér á Íslandi. Einnig þarf að hafa í huga að ef ákveðið er að taka Sportfeng til LH hvað það kosti að taka hann frá BÍ og svo hvort það sé yfirhöfð hægt? Kostirnir við að taka Sportfeng til LH og ráða starfsmann eru meðal annars að þá er beint aðgengi að forritaranum en það þarf að vera í samningi að viðkomandi sé í viðbragðsstöðu þegar á þarf að halda. Auk þess er samið beint við forritara engir milliliðir og tekjurnar koma beint inn til LH. Þetta eru verkefni sem tölvunefnd LH þarf að koma með tillögur til stjórnar með en mikilvægt að stjórn sé meðvituð um stöðuna og möguleikana.

Eitt af því sem þarf að endurskoða helst fyrir næsta keppnistímabil er verðskrá fyrir notkun á Sportfeng bæði innanlands og erlendis. En það er spurning hvort það þurfi að bíða með það þangað til ljóst er hver samningstaða LH verður við RML. Hafa má í huga að eftirfarandi var samþykkt á 6. stjórnarfundi 2019 **Sportfengur – gjald fyrir námskeið og þá aðila sem ekki eru í hestamannafélagi** *“Stjórn samþykkir að leita eftir því við samstarfsaðila Sportfengs að breyta gjaldsskrá sem verði til jafns fyrir alla aðila”*. Ósanngjarnt er að meistaradeildirnar, sem nú hefur fjölgað og eru ekki hestamannafélög, eru að greiða töluvert minna þar sem þær eru ekki með skráningargjöld sem tekin er % af og aðeins innheimt 200 kr. af hverjum keppanda. Einnig var bent á að % af námskeiðsgjöldum sé óheppileg leið þar sem námskeiðsgjöld séu mjög mishá en þjónustan sem nýtt er í Sportfeng er ekki mikil í þeim hluta og mörg hestamannafélög ákveða að halda utan um þetta sjálf í exel án kostnaðar. Auk þess er ekki búið að lenda fyrirkomulagi á gjöldum fyrir erlenda notendur. Verð á lceatest, sem er svipað kerfi sem haldið er úti af einkaðilum í Þýskalandi og notað í flestum aðildarlöndum FEIF á meginlandinu, er til samanburðar með fast gjald (1,5 €) per keppnispar sem fær einkunnir á mótinu en ekki per skráningu og svo prósentu af samtölu eins og hér.



## LH Kappi

Hægt er að auka tekjur óbeint í gegnum Kappa appið sem er gerir Sportfeng að enn fýsilegri söluvöru. Tölvunefnd LH stóð fyrir því að hanna app í eigu LH sem nota mætti á öllum mótum hestamanna til að auðvelda keppendum og áhorfendum að fylgjast með gangi móta og birtir gögn móta nánast jafnóðum og þau verða til. Eðlilegt var að slíkt app tengdist hinum nýja SportFeng enda verða gögnin til þar. LH-Kappa appinu var ætlað að auðvelda fólki að fylgjast með mótum og gögnum frá mótum nánast jafnóðum og þau verða til. Ákveðið var að búa til nýtt app frá byrjun í stað þess að þróa það app sem sem búið hafði verið til fyrir landsmót 2016. Leitað var til Anitar hf. Byrjað var að smíða appið í ársbyrjun 2018 og það var tilbúið til notkunar rétt fyrir Landsmót 2018. Appið varð strax vinsælt og mikið notað á Landsmótinu. Í ljós kom að serverar voru ekki undir þessa miklu notkun búnir og olli það vandamálum á mótinu en ráðin var bót á þessu. Kappa-appið hefur hingað til verið hægt að sækja án endurgjalds en það hefur alltaf staðið til að það yrði selt. Nú er staðan þannig að Anitar sem hönnuðu appið búið að slíta samstarfinu við LH og munu afhenda kóðann á næstu dögum. Það er því forgangsmatariði að finna fyrirtæki til að taka LH kappi að sér og spurning hvort það sé heppilegt að sami aðili sjái um bæði SportFeng og LH kappi.

Tekjumöguleikarnir sem fylgja LH Kappa er að það býður upp á þann möguleika að setja inn auglýsingar, þ.e.a.s. selja auglýsingar inn á appið. LH getur t.d. boðið samstarfaðilum auglýsingapláss á appinu. Einnig er mögulegt að bjóða hestamannafélögum að selja auglýsingar inn á sín mót á appinu sem ætti að hjálpa hestamannafélögum að fjármagna sitt mótahald. Það sama gæti gilt um mótahaldara erlendis. Hugmyndin er að starfmenn LH og mótahaldarar geti sett auglýsingarnar inn í gegnum Sportfeng og það sé auðvelt að taka út og setja inn. Ekki þurfi að kaupa sérstaka þjónustu til að setja auglýsingarnar inn. Það hefur staðið til í langan tíma að koma þessu í gagnið en hefur ekki gengið bæði vegna þess að erfitt hefur verið að ná sambandi við Anitar og verkefnalisti hjá forriturum BÍ er langur. Það þarf að koma þessu á forgangslista þar sem þarna liggja möguleikar á tekjum. Í þessu sambandi er mikilvægt að taka umræðu um hvort það eigi að reka appið einungis á auglýsingum og að það selji Sportfeng með því að vera þessi frábæra viðbót. Eða á að selja ársáskrift að LH Kappa og ef svo er hvað á hún að kosta og svo þarf að ræða hvort hægt er að selja bæði ársáskrift og auglýsingar?